

13. grein – Ábyrgðaraðilar í skátastarfi



Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á **13.** grein um **SKÁTARNIR** **Ábyrgðaraðila í skátastarfi**

13. Ábyrgðaraðilar í skátastarfi

Við leggjum til breytingu þar sem skátaforingjar eru farnir að verða undir lögaldri og ábyrgðin er meira gagnvart stjórn félagsins hitt er frekar úrelt orðalag.

Núverandi grein:

....

Skátaforingi er lögráða einstaklingur sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja eða skátahöfðingja, samanber reglugerð um hæfi skátaforingja. Hver skátaforingi ber ábyrgð gagnvart **foringja sínum** á því að skátastarf á hans vegum sé virkt og í samræmi við landslög, Grunngildi BÍS og lög BÍS.

Félagsforingi ber ábyrgð á öllu starfi skátafélags gagnvart stjórn BÍS.

Störf sjálfboðaliða í skátastarfi skulu skilgreind formlega og til ákveðins tíma....

Verður:

...

Sveitarforingi skátasveitar er lögráða einstaklingur sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja eða skátahöfðingja, samanber reglugerð um hæfi skátaforingja. Hver skátaforingi ber ábyrgð gagnvart **stjórn síns félags** á því að skátastarf á hans vegum sé virkt og í samræmi við landslög, Grunngildi BÍS og lög BÍS.

Félagsforingi ber ábyrgð á öllu starfi skátafélags gagnvart stjórn BÍS.

Störf sjálfboðaliða í skátastarfi skulu skilgreind formlega og til ákveðins tíma

....

Flutningsaðili:

Ungmennaráð.